

Deiliskipulag Skaftafells

Tillaga á vinnslustigi, sbr. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

ÚTGÁFA KYNNT BÆJARSTJÓRN SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR Í ÁGÚST 2025



Efnisyfirlit

Inngangur

Afmörkun deiliskipulagssvæðisins

Ábendingar

Forsendur og viðfangsefni

Samráð um framtíðarsýn

Samhengi við nærsvæði

Sjónlínur

Vindur

Minjar

Vatnsrennsli

Gestastofa

Starfsmannaaðstaða

Búseta starfsfólks

Staða í aðalskipulagi

Stefna Vatnajökulspjóðgarðs

Stefnumörkun

Framtíðarhlutverk og meginhugmynd

Gestastofa og starfsmannaaðstaða

Tjaldsvæði og smærri hús

Opin svæði

Aðgengi og flæði gesta

Stígar

Bílasvæði

Leiksvæði

Gróður

Upplýsingar, leiðsögn og fræðsla

Öryggismál

Veitur

Ásýnd, yfirborð og lýsing

Sandasel

Hæðir, Sel og Bölti

Lóðir

Skilmálar

Almennir skilmálar

Gestastofa og starfsmannaaðstaða

Aðstöðuhús við tjaldflatir

Sandasel

Hæðir og Bölti

Umhverfismat

Breytingar frá fyrri stefnumörkun

Málsmeðferð

Ferli

Umsagnaraðilar

Ábendingar

Ráðgjöf við gerð deiliskipulagsins: Alta ehf
A1468-010-D05



Inngangur


Náttúruverndarstofnun, í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð, leggur hér fram tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir þjónustusvæðið í Skaftafelli. Núgildandi deiliskipulag (Skaftafell, þjónustusvæði) tók gildi árið 2013 og var breytt 2016. Þótt ekki sé langt um liðið hefur þróun undanfarinna ára, ekki síst vaxandi fjöldi ferðamanna, gefið tilefni til þess að móta skýrari stefnu um framtíðarfyrirkomulag mannvirkja og aðstöðu. Deiliskipulagstillagan endurspeglar stefnumörkun sem fram hefur farið á vettvangi svæðisráðs suðursvæðis og stjórnar þjóðgarðsins.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem fellir hið fyrra úr gildi en ekki breytingu. Þó er ekki um að ræða róttæka breytingu á fyrirkomulagi mannvirkja og aðstöðu. Skerpt er á stefnumörkun um ýmis atriði en helstu breytingar felast í rýmkuðum byggingarreit fyrir gestastofu og breytt fyrirkomulagi starfsmannaíbúða í Sandaseli.

Sérstakur vinnuhópur Náttúruverndarstofnunar annast mótun deiliskipulagsins en í honum sitja Helga Árnadóttir, Hrafnhildur Ævarsdóttir og Gunnlaugur Róbertsson (til upphafs árs 2024). Alta ehf veitir faglega ráðgjöf.

Afmörkun deiliskipulagssvæðisins

Afmörkun deiliskipulagsins kemur fram með svartri brotalínu á deiliskipulagsuppdrætti og er afmarkað með það í huga að allir byggingarreitir séu innan svæðisins og þéttasti hluti stíganetsins. Stefna um mannvirkjagerð, stíga og þess háttar utan deiliskipulagssvæðisins kemur fram í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.



Afmörkun deiliskipulagssvæðisins (svört brotalína) ásamt þjóðgarðsmörkum (blá brotalína).

Skipulagsgögn

Gögn deiliskipulagsins skiptast í tvö skjöl:

- Greinargerð (þetta skjal) með almennum inngangi, forsendum, stefnumörkun, bindandi skilmálum og umhverfismati.
- Skipulagsuppdráttur, 1:2.000 í blaðstærð A0

Ábendingar

Ábendingar um efni tillögunnar má leggja inn í skipulagsgátt á eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/>

Þær má einnig senda til:

Skipulagsfulltrúi
Bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Hafnarbraut 27, 780 Höfn

Eða í tölvupósti til skipulag@hornafjordur.is



Yfirlitsmynd.

Forsendur og viðfangsefni

Samráð um framtíðarsýn

Árið 2020 hófst vinna við að draga upp framtíðarsýn fyrir Skaftafell til þess að renna stoðum undir skipulag og mannvirkjagerð. Haft var samráð við fjölda hagsmunaaðila og miklar upplýsingar söfnuðust um þarfir og væntingar þeirra, auk ýmissa upplýsinga um aðrar forsendur, t.d. aðra áætlanagerð og náttúruvá. Afraksturinn má finna í ítarlegri skýrslu, [Skaftafell - Forsendur, framtíðarsýn og skipulagsforsögn \(júlí 2021\)](#). Í skýrslunni kemur einnig fram afstaða stjórnar þjóðgarðsins og svæðisráðs suðursvæðis til meginráttanna í framtíðarfyrirkomulagi, til útfærslu í deiliskipulagi.


Við greiningu á forsendum og samráð komu fram nokkur álitamál sem ljóst var að taka þyrfti af skarið um áður en hægt væri að draga upp framtíðarsýn fyrir þjónustusvæðið. Fyrir hvert þessara álitamála voru settir fram valkostir sem svæðisráð og stjórn tóku afstöðu til.


Hér fyrir neðan eru helstu forsendur reifaðar stuttlega til að gefa bakgrunn fyrir stefnumörkunina sem fram kemur í næsta kafla og birtist að nokkru leyti á skipulagsuppdættinum.

Samhengi við nærsvæði

Í Skaftafelli eru kringumstæður að sumu leyti sérstakar og nauðsynlegt að taka tillit til þeirra við skipulag þjónustusvæðis.

- Skaftafell er þannig í sveit sett að það er í nánum tengslum við byggðina í Öræfum en mjög langt er til næstu byggðarkjarna eða þéttbýlisstaða, þ.e. Höfn í austri (136 km) og Kirkjubæjarklaustur í vestri (69 km).
- Við Öræfajökul þarf að taka tillit til náttúruvár en Skaftafell er rétt utan við mestu hættusvæðin.
- Erfið veðurskilyrði gera það að verkum að alloft er ófært milli staða, m.a. vegna vindhraða. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að treysta á að starfsfólk geti komið til vinnu frá nærsvæðum eða að hægt sé að treysta á bjargir annars staðar frá þegar á þarf að halda.
- Þjóðvegurinn yfir Skeiðarársand og um Öræfin er fjölfarinn og þar hafa orðið slys þar sem viðbragð starfsfólks í Skaftafelli og aðstaða þar hefur skipt meginmáli, enda langt í aðrar bjargir.





Sjónlínur

Fegurð fjallahringsins er það sem setur sterkastan svip á þjónustusvæðið. Þegar komið er upp í heiðina bætast víðáttur sandanna við.

Það þarf ekki fara langt út fyrir svæðið til að njóta fjallahringsins án þess að nokkuð skyggi á en um leið ástæðulaust að láta mannvirki trufla áhugaverðar sjónlínur frá stöðum innan svæðisins að óþörfu. Það má líka beinlínis draga landslag í fjarska inn í þá sjónrænu upplifun sem er í boði innan svæðisins.

Myndirnar á þessari síðu gefa til kynna að litlu þurfi að hnika til svo að fjallahringurinn njóti sín án truflunar þar sem gestir ganga um.

Stóra myndin á næstu síðu sýnir hvernig sjónlínur að helstu kennileitum falla að núverandi fyrirkomulagi.

Í skipulaginu hafa sjónlínur áhrif á legu meginstígs milli tjaldflata og fyrirkomulag opins rýmis vestan og sunnan við gestastofuna.



Horft að kennileitum, vor 2021.



Sjónlínur frá þjónustusvæðinu. Heilar línur sýna stefnu á Lómagnúp og Hvannadalshnjúk. Innri brotnar línur sýna stefnu á öskjubarm Örfajökuls en þær ytri sýna norður- og suðurmörk fjallsins.

Vindur

Í Skaftafelli hefur verið veðurmælingastöð í allmörg ár. Gögn frá stöðinni voru skoðuð til að kanna hvernig bregðast mætti við algengustu vindáttum til að gera dvölinn ánægjulegri.

Vindrósirnar tvær hér til hliðar endurspeglar veðurlag þar sem vænta má að gestir vilji vera í skjóli fyrir vindi. Það er annars vegar til að létta álag sem vindurinn veldur og hins vegar til að gera góða daga enn betri til dvalar utandyra.


Efri myndin sýnir vind að degi til á þurrum og hlýjum dögum (hitastig 12°C eða hærra).

Neðri myndin sýnir hvassviðrisáttir með vindhraða 12 m/s eða hærri.


Norðaustlægar áttir eru ríkjandi í báðum tilfellum. Það staðfestir að trjábelti milli tjaldflata snúa í heppilega átt til að brjóta vind.

Í þessu deiliskipulagi hefur niðurstaðan einkum þau áhrif að ekki er tilefni til að breyta fyrirkomulagi skjólbelta og gert er ráð fyrir opnu svæði til dvalar vestan við húsin, þar sem skjól er fyrir vindum og opið á móti síðdegissól.

Góðviðrisdagar, $T \geq 12^\circ\text{C}$ og $RH < 80\%$, milli kl. 6 og 23.
Öð 6499. Tímabil frá 2011-03-26 til 2021-11-13. 8446 af 94976 mælingu.



Hvassviðrisdagar, vindhraði yfir 12 m/s milli kl. 6 og 23.
Öð 6499. Tímabil frá 2011-01-04 til 2021-12-05. 1682 af 94976 mælingu.



Vindrósir fyrir mismunandi veðurlag.

Minjar

Í samantektarkafli skýrslu sem Fornleifastofnun Íslands ses skrifaði 2023 segir svo:

Vorið 2022 voru sýnilegir minjastaðir innan marka deiliskipulagsreits í Skaftafelli heimsóttir og mældir upp og sú hættu sem að þeim steðjaði endurmetin. Við aðalskráningu í Skaftafelli 2012 voru skráðar 162 fornleifar í Skaftafellslandi. Vorið 2022 var til úttektar tiltölulega lítill hluti af því stóra landi sem tilheyrði lögbýlinu Skaftafelli eða um 217 ha. Deiliskipulagsreiturinn nær yfir þann hluta Skaftafellsjarðarinnar þar sem menningarminjar eru þéttastar; gamla heimatúnið, (og einnig hugsanlega staðsetningu eldri bæjar á jökuleyrnum) og svo bæjarstæðin þrjú sem byggðust upp á miðri 19. öld. Samanlagt eru þekktir 108 minjastaðir innan og skammt utan marka deiliskipulagsins, af þeim sjást ummerki um 81 minjastað. Minjarnar eru þó þéttastar á um 40-50 ha svæði eða um 20% af deiliskipulagssvæðinu og því er ljóst að á stórum svæðum innan deiliskipulagsreitsins eru fáar sem engar minjar þekktar. Það gefur því tækifæri til framkvæmda utan þeirra svæði sem eru hvað viðkvæmust í menningarsögulegu tilliti.

Við deiliskipulagsvinnu hefur þetta verið haft í huga enda er það markmið þjóðgarðsyfirvalda að vernda minjar í fyrirhuguðum framkvæmdum. Er það ástæða þess að minjar á svæðinu voru ekki taldar í sérstakri hættu vegna framkvæmdanna þótt það sé algengast þegar teknir eru út deiliskipulagsreitir. Í Skaftafelli virðast aðrar ógnir við minjar og menningalandslag vega þyngra og er þar helst að nefna nefna dreifingu skógargróðurs annars

vegar og hins vegar það álag sem á svæðinu er vegna ferðamanna.

...

Talsverðan mun mátti sjá á ástandi sumra minjastaðanna á þeim áratug sem liðið hafði frá aðalskráningu 2012 og var hættumat á þó nokkrum stöðum fært frá því að teljast í hættu og yfir í að teljast í stórhættu vegna trjágróðurs enda var hann víða byrjaður að brjóta vegghleðslu og/eða hafði fært minjar á kaf. Birkiskógur er í gríðarlegum vexti í Skaftafelli og ef fram fer sem horfir mun hann að stóru leyti færa tóftir og búsetulandslag á kaf, sennilega innan nokkurra áratuga. Hluti af orsökinni er hlýnandi veðurfar en ýmislegt annað spilar þar hlutverk, til dæmis sú staðreynd að búskapur lagðist af í Skaftafelli undir lok 20. aldar og var í kjölfarið hætt að beita úthaga og slá tún. Ljóst að það er mikilvægt að marka stefnu um menningarlandslag í þjóðgarðinum og gera áætlun um hvaða fornleifar er mikilvægast að verja frekari skemmdum og hvaða aðferðum er hægt að beita.



Yfirlit yfir fornleifar skv. uppmælingu 2022. Fornleifar er að finna innan byggingarreita B12 (Hæðir) og B13 (Bölti).

Vatnsrennsli


Þjónustusvæðið framan við heiðina er mjög flatt og byggt á þéttri mól. Grunnvatnsstaða er há. Í rigningum og hláku rennur vatn ofan af heiðinni og getur valdið flóðum.

Innan svæðisins eru virkar rennslirásir fyrir venjulegt afrennsli og við breytingar eða mannvirkjagerð þarf að gæta þess að vatn komist leiðar sinnar og að mannvirki verði ekki fyrir tjóni ef svæðið er umflotið vatni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að við landslags- og mannvirkjahönnun sé hægt að taka tillit til þessara þátta án þess að þeir setji verulegar skorður við staðsetningu eða afstöðu.



Tjaldflatir umflotnar vatni.



Núverandi afrennslisleiðir.

Gestastofa

Núverandi gestastofa mætir ekki lengur þeim kröfum sem gera þarf til aðstöðu á ferðamannastað sem fær um 6-700.000 gesti á ári.

Núverandi bygging er rétt tæplega 600 m². Auk þeirrar aðstöðu sem vænta má á stað af þessu tagi, gerir staðsetning Skaftfells sérstakar kröfur:

- Vegna þess hve langt er til næstu þjónustu- og þéttbýlisstaða er meiri þörf fyrir geymslu á búnaði og aðföngum.
- Vegna náttúruvár, erfiðra veðurskilyrða og umferðar um fjölfarinn þjóðveg er ákjósanlegt að hafa aðstöðu fyrir fjöldahjálp og starf viðbragðsaðila á þjónustusvæðinu.

Við þarfagreiningu í tengslum við mótun deiliskipulagsins kom fram að æskilegur gólfplötur gestastofu sé um 900 m², sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir veitingasölu en um 700 m² án veitinga. Hakið á Þingvöllum er um 1.000 m² að gólfleti og gert er ráð fyrir álíka stærð í deiliskipulagi við Jökulsárlón.

Starfsmannaaðstaða

Starfsfólk hefur núna aðstöðu í smærra húsi við hlið gestastofunnar, alls um 140 m². Skv. þarfagreiningu er þörf fyrir töluvert meira pláss svo vel fari, eða alls um 500 m². Starfsmenn eru um 30 sumarið 2025 en um helmingi færri að vetrarlagi.

Búseta starfsfólks

Fram að þessu hefur flest starfsfólk búið í starfsmannahúsum í Sandaseli, sem er húsabyrping um 1 km vestan við þjónustusvæðið.

Húsin þar þarfnast mjög verulegra endurbóta.

Byggðin í Öræfum er mjög fámenn og þar er enginn húsnæðismarkaður sem heitið getur. Möguleikar starfsfólks í Skaftafelli til að verða sér úti um húsnæði eftir venjulegum leiðum eru því afar takmarkaðir. Vegna þessara kringumstæðna er talið að í Sandaseli sé þörf á áframhaldandi starfsmannahúsnæði sem uppfyllir þörf þjóðgarðsins fyrir búsetu starfsfólks.

Staða í aðalskipulagi

Þjónustusvæðið í Skaftafelli, þ.e. gestastofa, tjaldflatir, bílastæði ofl., er afmarkað í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem reitur í flokki afþreyingar- og ferðamannasvæða. Á uppdrætti er svæðið merkt AF 22 en í greinargerð hefur það auðkennið AF 21 og svofellda skilmála:


AF 21 Skaftafell (32ha). *Upplýsinga- og þjónustumiðstöð í Vatnajökulsþjóðgarði. Tjaldsvæði. Heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttaðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem þjónustumiðstöð og gestastofa – bílastæði, göngustígar, áningarstaðir.*

Almennir skilmálar fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði hljóða svo:

- Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal heimil mannvirkjagerð vegna starfseminnar sem þar er skilgreind, t.d. bílastæði, göngustígar, hús fyrir snyrtingar og aðra aðstöðu.
- Við uppbyggingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi.
- Vandað skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.
- Gera skal grein fyrir útfærslum í deiliskipulagi.

--

Unnið er að endurskoðun aðalskipulagsins.



Hluti af gildandi aðalskipulagsuppdrætti þar sem fram kemur stefna um landnotkun á nálægum svæðum og færsla þjóðvegjar.

Stefna Vatnajökulspjóðgarðs

Stjórnunar- og verndaráætlun

Auk laga um Vatnajökulspjóðgarða, nr. 60/2007 og reglugerðar nr. 300/2020 gildir stjórnunar- og verndaráætlun um þjóðgarðinn. Þar kemur stærsti hluti stefnu þjóðgarðsins fram, m.a. um vernd tiltekinnna svæða, þjónustu og innviði.

Samkvæmt lögum um Vatnajökulspjóðgarð eru sveitarstjórnir bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulspjóðgarðs. Stjórnunar- og verndaráætlunin er því ákvarðandi um skipulagsáætlanir sveitarfélaga, en þess ber að geta að áætlunin sjálf er unnin í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og fjölmarga aðra hagsmunaaðila innan og utan viðkomandi sveitarfélaga.

Til einföldunar og til að koma í veg fyrir tvíverknað, er gert ráð fyrir að skipulagsskyld atriði sem samþykkt hafa verið í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins verði tekin upp í aðal- og/eða deiliskipulag viðkomandi sveitarfélags og útfærð nánar þar. Við tekur þá hefðbundið skipulagsferli sem felur í sér lýðræðislegt samráð við almenning og hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er gert ráð fyrir að deiliskipulagsgerð fyrir svæði í þjóðgarðinum fari fram með eftirfarandi hætti:

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs vinnur deiliskipulagstillögur fyrir einstök svæði innan þjóðgarðsins og leggur fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn til almennrar meðferðar. Samkvæmt 20. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 getur framkvæmdaraðili eða landeigandi unnið tillögu að

deiliskipulagi á eigin kostnað og lagt fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn fjallar um deiliskipulagstillögur og kynnir þær almenningi skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Þurfi að breyta aðalskipulagi vegna deiliskipulagstillögu vinnur sveitarstjórn tillögu að aðalskipulagsbreytingu í þá veru, í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð, sbr. næsta kafla.

Sveitarstjórn fjallar um deiliskipulagstillögu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi, eftir því sem við á og kynnir hana almenningi samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Umsögn stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs skal liggja fyrir áður en skipulagstillaga, sem varðar land innan þjóðgarðsins, er auglýst.

Sveitarstjórn tekur síðan afstöðu til innkominna athugasemda og samþykkir endanlega tillögu. Skal samþykki stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs liggja fyrir við slíka lokaafgreiðslu sveitarstjórnar.

Hér fyrir neðan er tilgreind stefnumörkun í stjórnunar- og verndaráætlun sem varðar svæði eða staði innan deiliskipulagsmarka:

Skaftafell

Forsendur:

Helsta þjónustusvæði á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs er í Skaftafelli. Þar er gestastofa, Skaftafellsstofa, stórt tjaldstæði með margvíslegri þjónustu og þjónustubyggingum svo og starfsmannabústöðum. Merktar gönguleiðir við allra hæfi eru á svæðinu og landverðir bjóða upp á skipulagðar gönguferðir og ýmsa fræðslu. Fræðslu- og upplýsingaskilti eru víða í Skaftafelli. Fjölmargir ferðamenn heimsækja Skaftafell árið um kring.

Athuga ber að þessi lýsing þjónustusvæðisins á við um þjónustumiðstöðina ásamt því svæði sem næst henni er, þ.m.t. það svæði

sem stuttar gönguleiðir út frá þjónustumiðstöðinni ná yfir.

Markmið:

Að hafa stórt og rúmgott þjónustusvæði við eina af meginaðkomum þjóðgarðsins þar sem getur rúmast fjölbreytt þjónusta við gesti þjóðgarðsins, m.a. á vegum einkafyrirtækja.

Skilmálar:

Við endurnýjun deiliskipulags skal gert ráð fyrir að bæta aðstöðu á þjónustusvæðinu og aðstöðu fyrir tjaldsvæðisgesti vegna vaxandi fjölda ferðamanna, fjölbreyttri þjónustu við gesti þjóðgarðsins og byggingu húsnæðis fyrir sumarstarfsmenn þjóðgarðsins.

Búsetulandslag í Skaftafelli og Heinabergi

Forsendur:

Breytingar á jöklum og jökulvötnum höfðu mikil áhrif á búsetu fólks. Jöklar gengu yfir beitolönd og jökulár flæmdust um og eyddu engjum og túnum. Minjar eru um búsetu í Skaftafelli og á Heinabergssvæðinu sem segja merka sögu sambúðar manns og oft óblíðra náttúruafla.

Markmið:

Að vernda og viðhalda búsetulandslagi og völdum menningarminjum í Skaftafelli og á Heinabergssvæðinu.

Að gefa almenningi kost á að kynna sér sögu svæðisins.

Skilmálar:

Óheimilt er að raska búsetulandslagi og þeim menningarminjum sem markverðastar teljast að mati fagaðila.

Rafstöðinni í Skaftafelli skal haldið við, gömul tún við Selbæinn beitt eða

slegin og trjágróður fjarlægður úr grjóthleðslum.

Ekki má raska menningarminjum.

Lambhagi í Skaftafelli

Forsendur:

Lambhaginn afmarkast af grjóthleðslu sem er með elstu menningarminjum í Skaftafelli.

Bartrjám og ösp var plantað í Lambhagann í Skaftafelli um 1950. Þar er nú lítill skógarlundur með nokkrum grenitrjám sem eru með þeim hæstu á landinu ásamt einni stórrí ösp. Í lundinum hefur fundist háplantan eggvíblaðka sem er friðlýst og á valista.

Markmið:

Að vernda náttúrlegan gróður í Lambhaganum.

Að koma í veg fyrir útbreiðslu erlendra trjátegunda í Skaftafelli með því til dæmis að fella öspina sem þar er og fjarlægja nýgræðinga frá henni.

Að vernda grjóthleðsluna sem afmarkar Lambhagann og fellur undir menningarminjar.

Skilmálar:

Stýra skal umferð ferðamanna um Lambhagann, meðal annars með góðum upplýsingum, skýrum merkingum og aðgerðum sem miða að því að áhrif á gróðurfar og menningarminjar verði sem minnst.

Ösp skal fjarlægð [Öspin var fjarlægð 2021].

Að auki er sett stefna um staði og svæði rétt utan við deiliskipulagsmörkin, þ.e. um endurheimt votlendis á Skaftafellsheiði

(sunnan Skerhóls), um Svartafoss, um Morsárdal og um skóglendi í vestanverðri Skaftafellsheiði.

Meðal lengri gönguleiða, sem tengja saman fjarlæg svæði, er leið frá Skaftafelli að Freysnesi og úr vestri frá Jökulheimum. Þessar leiðir koma fram á skipulagsupprætti þessa deiliskipulags.

Stefnur Vatnajökulspjóðgarðs

Vatnajökulspjóðgarður samþykkti [atvinnustefnu í júní 2019](#). Þar er sett fram almenn stefna áherslur í samstarfi við atvinnulífið, t.d. gegnsæi ákvarðana, hlutlægni, virkt samráð við hagaðila og gjaldtöku.

[Fræðslustefna](#) var samþykkt í október 2019 og uppfærð 2024. Stefnan gerir grein fyrir áherslum og aðferðum í miðlun fræðslu til gesta og í innra starfi.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkti á fundi sínum 22. mars 2021 [nýja stefnu fyrir þjóðgarðinn](#). Með stefnunni er skert á þeim metnaði sem einkennir starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs er snýr að verndun einstakrar náttúru, mótaðri af samspili elds og íss, og menningarminja.

[Umhverfis- og loftslagsstefna](#) var uppfærð 2024 og aðgerðaáætlun til loka árs 2026 birt. Í uppfærðri stefnu kemur fram að framtíðarsýn Vatnajökulspjóðgarðs er að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og leggja áherslu á að miðla fræðslu til almennings um loftslags- og umhverfismál.

Þessi stefnuskjöl gefa almenna umgjörð en hafa ekki bein áhrif á ákvarðanir um fyrirkomulag í Skaftafelli.

Stefnumörkun

Framtíðarhlutverk og meginhugmynd

Á fundi stjórnar Vatnajökulspjórðgarðs þann 17.5.2021 var samþykkt framtíðarsýn, að undangengnu umfangsmiklu samráði við hagsmunaaðila og umræður í stjórn og svæðisráðum suður- og vestursvæða. Við mótun þessa deiliskipulags komu fram verulegar áskoranir við það að skipuleggja þjónustusvæðið þannig að það uppfyllti öll þau hlutverk sem framtíðarsýn lagði til. Til að leggja áherslu á þjónustu við fjölbreyttan hóp gesta og leggja áherslu á Skaftafell sem áhugaverðan viðkomu- og dvalarstað, nýta á hagkvæman hátt núverandi skipulag og innviði og að tryggja góða aðstöðu starfsfólks var sú leið farin að gera ekki ráð fyrir aðstöðu fyrir sölu og undirbúning ferða á þjónustusvæðinu. Svæðisráð suðursvæðis og svæðisstjórn Vatnajökulspjórðgarðs samþykktu breytingu á framtíðarsýn Skaftafells er varðaði þetta viðfangsefni á fundum sínum 2. júní 2025 og 18. júní 2025.

Framtíðarhlutverk Skaftafells er eftirfarandi:

- Að vera áhugaverður viðkomu- og dvalarstaður ólíkra hópa sem vilja kynna sér náttúru svæðisins í bland við slökun og samveru með vinum og vandamönnum.
- Að taka vel á móti gestum í fallettri en látlausri gestastofu, mögulega í núverandi húsi með viðbótum, með veglegri sýningu sem fjallar um sérstöðu svæðisins og setur það í stærra samhengi loftslagsbreytinga.
- Að gefa starfsfólki kost á heilsársbúsetu í fjölbreyttu húsnæði

innan Skaftafells í bland við aðra búsetukosti á nærsvæðum.

- Öll fyrirtæki hafa aðstöðu utan þjóðgarðs, fyrir utan að í Skaftafelli er eitt sameiginlegt þjónustuborð þar sem finna má upplýsingar um þjónustu í nágrenninu og ferðir eru seldar.
- Að stuðla að öryggi íbúa og gesta í Öræfum með því að bjóða aðstöðu fyrir viðbragðsaðila eins og björgunarsveitir, lögreglu og slökkvilið og fjöldahjálparstöð í neyð.

Að auki komu fram í samráði mjög margvíslegar ábendingar og hugmyndir sem teknar hafa verið inn í tillöguna og birtast að hluta í stefnumörkunarköflum hér á eftir. Þessum köflum er ætlað að gera grein fyrir meginhugmynd skipulagsins til nánari útfærslu í hönnun, umhverfismótun og rekstri svæðisins.

Leitast er við að haga skipulaginu þannig að framtíðarhlutverkið geti orðið að veruleika með sem minnstu raski. Það þýðir að haldið er í núverandi byggingar, vegi, stíga og gróður eftir því sem kostur er og því aðeins ráðgerðar breytingar að ávinningurinn sé skýr.

Gestastofa og starfsmannaaðstaða

Þarfir fyrir aukið húsnæði í samræmi við framangreint framtíðarhlutverk voru greindar í tengslum við deiliskipulagsgerðina. Helstu niðurstöður greiningarinnar eru þessar:

- Gestastofa: Anddyri, upplýsingagjöf, sýning, verslun, veitingar, tæknirými: 900 m².
- Salerni, sbr. þau sem fyrir eru vestan við núverandi gestastofu: 140 m².
- Aðstaða starfsfólks: Skrifstofur, fundarherbergi, eldhús og mataraðstaða, búningsklefar, geymslur, bókasafn, salerni,

tæknirými ofl: 500 m².

- Vélageymsla og viðgerðaaðstaða: 300 m².
- Aðstaða viðbragðsaðila: 80 m².

Alls um 2000 m².

Undanskilin eru salerni tjaldgesta og veitutengd mannvirki.

Núverandi byggingar, þ.e. gestastofa, starfsmannahús og vélaskemma eru samtals 1130 m².

Viðbótarbyggingarmagn er því áætlað tæplega 900 m².

Afstaða og tengingar

Til þess að koma til móts við þörf fyrir aukið húsrými í gestastofunni er markaður byggingarreitur (B1) norðvestan við núverandi gestastofu og í beinu framhaldi af henni. Gert er ráð fyrir því að vestan gestastofunnar sé opið svæði þar sem njóta má t.d. samveru, matar, leikja og fræðslu. Greining á tíðni vindátta við mismunandi kringumstæður sýnir að norðaustanátt er langalgengust og því mest skjól við vegg sem snýr í suðvestur og þá jafnframt á móti síðdegissól.

Aftan við gestastofu verður áfram þjónustuaðgangur, t.d. fyrir


starfsfólk, aðföng, losun og tengingar veitna. Byggingarreitur er rúmur á þessari hlið til að bregðast megi við þörf fyrir aukin þjónusturými, tækjahús eða þess háttar en ónýttur hluti byggingarreitsins verður nýttur fyrir bíla starfsfólks og sem almennt athafnarými.

Mikilvægt er að ásýnd að þjónustuhlaðinu sé góð þegar komið er að svæðinu á stíg frá jökulsporði úr norðaustri.

Innra skipulag

Byggingarreitur B1 getur rúmað viðbætur við núverandi gestastofu og starfsmannaaðstöðu, auk mögulegra tengibygginga.

Stefnt er að því að við hönnun viðbyggingar gestastofu og endurskipulagningu innandyrna í núverandi gestastofu verði eftir því sem kostur er tryggt að bregðast megi við skyndilega breyttu hlutverki vegna náttúruvár og hópslysa. Það verði gert með því að hafa innanstokksmuni og rými sem sveigjanlegust og aðkomu í samræmi við slíkt hlutverk.



Staðsetning og fyrirkomulag byggingareits fyrir gestastofu og starfsmannaaðstöðu með stækkunarmöguleikum (B1) ásamt leiðbeinandi afmörkun þjónustuhlaðs sem nær inn á óbyggðan hluta byggingarreits eftir því sem við verður komið.

Tjaldsvæði og smærri hús

Gistinætur á þjónustusvæðinu árið 2025 voru 60.153 í tjöldum og ýmis konar gistingu.

Tjaldsvæði samanstendur af nokkrum tjaldflötum og skjólbeltum á milli þeirra. Tjaldflatir eru þrenns konar:

- A. Flatir fyrir þá sem ekki þurfa að vera nálægt bílum, t.d. þá sem eru í göngutjöldum. Þessar flatir eru almennt næst þjónustu og fjarlægust bílasvæðum.
- B. Flatir fyrir þá sem þurfa að vera fremur nálægt bílum, svo sem gesti með hústjöld og fyrirferðarmikinn viðlegubúnað. Boðið er upp á bílastæði við jaðar slíkra tjaldflata.
- C. Flatir fyrir ferðavagna. Hægt er að aka inn á slíkar flatir og leggja bíl og vagni í merkt stæði með rafmagnstengingu.

Hlutverk og útfærsla tjaldflata er ekki bindandi en leiðbeinandi fyrirkomulag er sýnt á næstu mynd. Uppskipting og afmörkun stakra tjaldflata þarf að miðast við gildandi reglugerðarákvæði um brunavarnir og heilbrigðiseftirlit auk starfsleyfisskilyrða. Gert er ráð fyrir að innan tjaldflata A og B séu skýli með aðstöðu til að matast.

Gera skal ráð fyrir möguleika á koma fyrir gerði/svæði fyrir úrgangsflokkun.

Aðgangur að rafmagni fyrir tjöld, ferðavagna og rafbíla á ferðavagnaflötum er veittur í samræmi við eftirspurn og ákvörðun um mismunandi þjónustustig eftir staðsetningu.

Tjaldflötum fylgja innviðir á borð við merkingar, sorpílat og þess háttar.

Tjaldflatir skv. skipulagsuppdráttinum fela í sér nokkra stækkun til vesturs og lítið svigrúm fyrir frekari stækkun. Stefnt er að markvissara

fyrirkomulag bókana í tilgreind tjaldstæði til þess að gestir viti fyrirfram hvort þeir geti fengið gistingu.

Fyrirkomulag tjaldflata á skipulagsuppdrátti er leiðbeinandi. Sýnd eru núverandi trjábelti sem veita skjól og hafa vaxið upp á undanförunum árum.

Skilgreindir eru byggingareitir fyrir önnur þjónustu- og aðstöðuhús eins og tilgreint er nánar í skilmálakafli.

Opin svæði

Tvö opin svæði tengjast gestastofu.


OP1 - Fálkaflöt

Opið svæði vestan við gestastofu er ætlað fyrir fjölbreytileg not sem tengjast gestastofunni og meginás um tjaldflatir, svo sem vegna viðburða, áningar, tímabundinna nota eða til að bregðast við álagi. Gert er ráð fyrir færanlegum borðum og bekkjum, nestisaðstöðu og rými til leikja, eftir því sem hentar hverju sinni.

OP2 - Fræðslutorg

Sunnan gestastofu er fræðslutorg, sem er fyrst og fremst ætlað fyrir fræðslu og móttöku gesta, með tilheyrandi aðstöðu, t.d. upplýsingastöndum. Gera þarf ráð fyrir algildri hönnun og auðveldu aðgengi fyrir fatlaða frá bílastæðum næst torginu.

Við austurenda fræðslutorgsins er ekið yfir á þjónustuhlað og því nauðsynlegt að tryggja öruggt flæði allra fararmáta, þar sem umferð gangandi er í fyrirrúmi.



Fyrirkomulag tjaldflata og flokkun eftir aðgengi. Fyrirkomulagið er leiðbeinandi og getur tekið breytingum í samræmi við landslagshönnun og eftirspurn eftir ólíkum tegundum tjaldgistingar.

Aðgengi og flæði gesta

Stefnumörkun um aðgengi og flæði gesta byggir á eftirfarandi meginhugmyndum:

- Aðgreining milli gesta sem koma í rútubílum, fólksbílum og með ferðavagna er skýr. Veitt er svigrúm til að snúa við í samræmi við stærð ökutækjanna.
- Gert er ráð fyrir nær algerum aðskilnaði gangandi og akandi vegfarenda að undanskildum tjaldflötum þar sem akstur með ferðavagna er heimill.
- Meginás milli tjaldflata er breiður og án bíla, þar sem gestir fara um til að sækja þjónustu, leiksvæði, aðra stíga og þess háttar. Meginásinn hefur beina stefnu á Lómagnúp, sem blasir við þegar gengið er til vesturs í góðu skyggni en í hina áttina sést að gestastofu, fræðslutorgi og Örafajökl. Mikilvægt er að byggingar, gróður, skilti eða annað slíkt trufla ekki sjónlínur eftir meginásnum.
- Við gestastofu verði tvö opin svæði tengd við meginásinn, þar sem maður er manns gaman og gestir njóta t.d. fræðslu, matar og leikja. Víða innan opnu svæðanna er óhindruð sýn að Örafajökli. Gestastofan og skjólbelti að vestanverðu afmarka svæðið og að sunnanverðu rennur það saman við meginás milli tjaldflata og fræðslutorg framan við gestastofu. Svæðinu tengjast allir helstu stígar.
- Þvert á meginásinn liggur breiður og greiður stígur sem tengir fólksbílsvæði við gestastofuna.

Stígar

Á meginstígum (sérmerktir á uppdrætti) er leitast við að hafa sem hindranalausasta för fyrir alla og ólíka fararmáta, eftir því sem landslag og aðrar kringumstæður leyfa. Þetta þýðir m.a. stöðugt yfirborð án þrepa eða verulegra ójafna sem torvela för t.d. hjólastóla.

Meginstígar eiga, eftir því sem kringumstæður leyfa, að vera færir og burðarhæfir fyrir farartæki sem viðbragðsaðilar nota og þeir njóta forgangs við snjóhreinsun á vetrum.

Áhersla er lögð á að nánari upplýsingar um greiðfærni fyrir ólíka notendur komi fram í upplýsingamiðlun þjóðgarðsins og á vettvangi.

Almennt er heimilt að fara um stíga á reiðhjólum, rafskútum og öðrum slíkum tækjum nema annað sé sérstaklega tekið fram, t.d. með merkingum á vettvangi, enda sé fyllstu varúðar gætt og gangandi hafi forgang.

Bílasvæði

Með bílasvæði er átt við svæði helgað bílastæðum.

Staðsetning, form og lega bílasvæða og gönguleiða frá þeim er leiðbeinandi á skipulagsuppdrætti en gert ráð fyrir að þau séu útfærð í samræmi við meginhugmynd um aðskilnað akandi og gangandi umferðar.

Gera þarf ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla eftir því sem orkuskiptum miðar áfram og eftirspurn vex.

Bílasvæði eru sem hér segir:

P1 Aðkomusvæði

Á þessu svæði er gert ráð fyrir stæðum fyrir rútubíla og aðkomu viðbragðsaðila. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða verða næst gestastofunni eftir nánari ákvörðun í tengslum við aðkomu að henni. Gera skal ráð fyrir hleðslu rafbíla í hönnun svæðisins.

P2 Bílasvæði fólksbíla

Á bílasvæði fólksbíla er lögð áhersla á skýra, nálæga og örugga tengingu við gestastofuna. Aðkoma að svæðinu er um eina tengingu við þjóðveg nr. 9896. Auk fólksbíla er svæðið ætlað fyrir mótorhjól og viðdvöl yfir daginn fyrir ferðavagna og húsbíla þeirra sem ekki gista í Skaftafelli.

Áhersla er lögð á að hönnun svæðisins feli í sér mjög skýra leiðsögn og örugga för fyrir gangandi gesti frá bílum að stíg sem leiðir að gestastofu. Að sama skapi sé auðvelt að finna bíl að lokinni heimsókn.

Ætla má að svæðið rúmi stæði fyrir um 300 bíla með ríkulegum trjágróðri og góðu svigrúmi.

Gera skal ráð fyrir hleðslu rafbíla í hönnun svæðisins.

P3 Bílasvæði við tjaldflatir

Tjaldflatir næst P3 eru ætlaðar fyrir gesti sem gista í stærri tjöldum og þurfa að komast nálægt tjaldstæði sínu með bílinn. Gert er ráð fyrir að gestir geti lagt bílum sínum við jaðar tjaldflatar og þurfi þá að bera búnað sinn fremur stutta leið.

Rúm er fyrir um 50-60 bíla.

P4 Þjónustuhlað

Á þjónustuhlaði er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir starfsfólk og þjónustuaðila ásamt aðkomu bíla sem flytja aðföng. Akstur inn á þjónustuhlaðið er yfir austurenda fræðslutorgs og mikilvægt að þar sé

akstur víkjandi og fyllsta öryggis gætt. Afmörkun þjónustuhlaðs er sýnd gróflega og leiðbeinandi á skipulagsupprætti.


Leiksvæði

Á skýringarmynd á næstu síðu er sýnd leiðbeinandi staðsetning þriggja leiksvæða. Áhersla er á að leiktæki og landslagsmótun sé sem náttúrulegust og skírskoti til náttúru Skaftafells.

Gróður

Gróður gegnir mikilvægu hlutverki við að móta ásýnd svæðisins og mynda skjól. Gert er ráð fyrir að skjólbelti og aðrir gróðurreitir þróist og taki breytingum í samræmi við þarfir hverju sinni.

Mikilvægt er að notaðar séu trjá- og plöntutegundir sem eru einkennandi fyrir náttúruna í Skaftafelli og ágengum tegundum haldið í skefjum.



Aðgengi bíla og bílasvæði [P], ásamt leiðbeinandi staðsetningu leiksvæða [L].

Upplýsingar, leiðsögn og fræðsla

Mikilvægt er að koma fyrir skýrum leiðbeiningum um svæðið með það að markmiði að tryggja læsileika fyrir alla vegfarendur. Með aðkomu og leiðum innan svæðisins er leitast við að tryggja að gestir geti farið rakleitt á þann stað sem þeir eiga erindi á. Það kallar þó óhjákvæmilega á leiðsögn með skiltum. Hluti af leiðsögninni getur farið fram þegar gestur bókar tjaldstæði og honum þá sýnt fyrirfram hvert hann á að fara.

Stefna um skilti er sem hér segir:

- Aðkomuleiðirnar þrjár eru við þjóðveg og skilti við þær bundnar samþykki Vegagerðarinnar. Leitað verði samstarfs við hana um sem einfaldast táknmál sem hentar innlendum og erlendum gestum og sýnir hverja af þremur aðkomuleiðum ökumenn eiga að velja eftir þörfum hverju sinni.
- Skilti séu almennt frekar lág og greinileg án þess að vera í óþarflega áberandi litum og falli hæfilega að umhverfi sínu.
- Skiltum sé komið fyrir þar sem þau rjúfa ekki sjónlínur að áfangastöðum innan svæðisins eða náttúrufegurð í umhverfinu.
- Fyrirkomulag skilta og lýsingar sé þannig að samnýting og samlegð sé sem best.
- Ítarefni færist sem mest yfir í snjalltæki en á skiltum sé áhersla á einfalt og alþjóðlega viðurkennt táknmál. Þannig verður auðveldara að aðlagða itarefni gestum frá ólíkum menningarheimum og þróa efnið í smáum skrefum.

Vatnajökulsþjóðgarður setur sér fræðlustefnu og verkefnaáætlanir á

því sviði. Þar er einkum fjallað um áherslur í efnisvali og efnistöðum. Þjónustusvæðið og gestastofan í Skaftafelli er mikilvægur vettvangur fræðslu og tengist þannig mannvirkjum og skipulagi. Stefna um fræðslu á vettvangi er sem hér segir:

- Landverðir og annað starfsfólk taki þátt í að fræða skólahópa sem sækja svæðið heim ásamt því að starfa með skólum á nærsvæði Skaftafells
- Landverðir og annað starfsfólk taki þátt í að fræða aðra sérhópa sem sækja svæðið heim s.s. heimsóknir frá erlendum náttúruverndarstofnunum.
- Landverðir fari með gesti í fræðslugöngu með reglubundnum hætti, bæði yfir sumar og vetrartímann
- Fræðslutorg fyrir framan Skaftafellsstofu verði nýtt af landvörðum og öðru starfsfólki í fræðslu til gesta. Fræðslutorg opnar á frekari fræðslu úti á svæðinu og í gestastofu.
- Vegleg fræðslusýning sé í Skaftafellsstofu fyrir gesti þjóðgarðsins.
- Skilti og annað fræðsluefni úti á svæðinu sé lágstemmt og falli sem best að umhverfi sínu og sé dreift um svæðið. Leitast við að afmarka fræðslu úti á svæðinu við styttri gönguleiðir.
- Gestagötur séu skipulagðar út frá og tengdar við fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir Skaftafell.

Öryggismál

Vegna kringumstæðna í Skaftafelli er mikilvægt að við alla mannvirkjagerð sé leitast við að tryggja öryggi og viðnám vegna eftirtalinna áhættuþátta, eftir því sem raunhæft getur talist og eðli

mannvirkisins kallar á:

- Burðarþol þakflata vegna öskufalls.
- Vindálag og fjúkandi jarðefni í ofsaveðrum.
- Gróðureldar, þ.m.t. að hugað sé að lágmarksfjarlægð milli trjágróðurs og húsa. Tryggja þarf greiða aðkomu slökkviliðs á burðarhæfum vegum.
- Vatnsflóð vegna asahláku og úrkomu.

Veitur

Fráveita

Aðalhreinsivirki fráveitu, sem samanstendur af lífrænum hreinsibúnaði, geislabúnaði og siturbeði, er grafið í jörð sunnan núverandi gestastofu við vesturjaðar bílasvæðis P1.

Þjónustuhús í vesturenda tjaldsvæðis (á byggingarreit B3) hefur sérstaka rotþró og siturbeð en þjónustuhús á miðju tjaldsvæði (B2) er tengt við aðalhreinsivirki.

Í Sandaseli er rotþró en hana þarf að færa fjær byggingarreitum og stækka í samræmi við umfang íbúðarbyggðarinnar.

Fráveitubúnaður neðanjarðar og siturbeð fráveitu eru sýnd á skipulagsupprætti. Staðsetning þeirra og lega lagna telst ekki bindandi.

Hönnun og frágangur fráveitu er í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Rafveita

Rafmagn kemur um háspennujarðstreng Rarik að spennu í tækjahúsi á

þjónustuhlaði, þaðan sem því er dreift neðanjarðar, að mestu í stígum. Gera má ráð fyrir að orkuskipti og aukin raforkunotkun gesta sem aka langar leiðir í Skaftafell muni kalla á afkastameiri búnað en ekki aukna mannvirkjagerð. Varaafsstöð er í tækjahúsi norðvestan við núverandi gestastofu, til að tryggja rekstraröryggi þegar rafmagn fer af svæðinu.

Hitaveita

Heitt vatn fyrir þjónustusvæðið fæst úr borholu í Sandaseli og þörf gæti verið fyrir fleiri. Gert er ráð fyrir að hvar sem er innan deiliskipulagssvæðisins megi leita eftir heitu vatni ef þörf krefur enda sé framkvæmdasvæði valið þannig að ummerki séu að mestu afturkræf.

Hitaveita nær ekki til Hæða og Bölta en fyrirhugað er að koma henni þangað.

Neysluvatnsveita

Gestastofa og nálæg þjónustuhús, ásamt húsum í Sandaseli fá neysluvatn úr borholu bak við núverandi gestastofu og skammt frá er borhola fyrir slökkvivatn.

Hæðir og Bölti hafa hvort sitt vatnsból.

Ljósleiðari

Gert er ráð fyrir að helstu hús séu tengd ljósleiðara.

Ásýnd, yfirborð og lýsing

Ýmislegt hefur þegar breytt ásýnd sandanna þegar horft er ofan af Skaftafellsheiði og frekari breytingar eru fyrirsjáanlegar. Á stígum ofan við þjónustusvæðið er það sjálft í forgrunni. Innan svæðisins sjást mannvirki þess með fjallahringinn og heiðina í baksýn.

Stefna um ásýnd, yfirborð og lýsingu er sem hér segir:

- Áhersla er á sem náttúrulegast yfirbragð, þar sem trjágróður felur bíla innan bílasvæða og gróður eða jarðlit efni gera þök sem minnst áberandi.
- Efnisval fyrir yfirborð mannvirkja og stíga endurspeglar náttúruna í Skaftafelli eftir því sem kostur er að teknu tilliti til viðhalds og notagildis fyrir alla notendur.
- Lýsing þarf að vera mild, lágstemd og lágreist til þess að gestir njóti sem best næturhimins og stjörnuskoðunar. Mismunandi lýsing getur átt við eftir kringumstæðum, t.d. eftir veðri og árstíma.

Sandasel

Byggðin í Öræfum er mjög fámenn og þar er enginn húsnæðismarkaður sem heitið getur. Möguleikar starfsfólks í Skaftafelli til að verða sér úti um húsnæði eftir venjulegum leiðum eru því afar takmarkaðir. Vegna þessara kringumstæðna er talið að í Sandaseli sé þörf á áframhaldandi starfsmannahúsnæði sem uppfyllir þörf þjóðgarðsins fyrir búsetu hluta starfsfólks. Aðrir starfsmenn þjóðgarðsins geti búið á nærsvæðum utan þjóðgarðs.

Á skipulagsupprætti eru markaðir tveir byggingarreitir fyrir

framangreindar starfsmannaíbúðir. Þeim er komið fyrir þannig húsin séu í skjóli við heiðarfótinn og að frá þeim sé óhindrað útsýni út á sandinn til suðurs.

Milli byggingarreitanna er borhola fyrir heitt vatn ásamt dælubúnaði.

Aðkoma að Sandaseli er um veg sem tengist þjóðvegi nr. 9896 að Hæðum.

Hæðir, Sel og Bölti

Hæðir

Í Hæðum er tvílyft steinsteypt íbúðarhús byggt 1961, 202 m², þar sem nú er íbúð sem nýtist starfsfólki þjóðgarðsins. Húsið þarfnast nokkurs viðhalds að utan og drjúgra endurbóta að innan á neðri hæð, en efri hæð var tekin í gegn 2022.

Við hlið íbúðarhússins er bílskúr og tækjageymsla. Skammt norðan við Hæðir er fjarskiptamastur sem þjónar Skaftafelli og nágrenni.

Stefna um Hæðir er að þar verði áfram íbúð sem nýtist starfsfólki þjóðgarðsins og núverandi húsi við haldið.

Sel

Sel, torfbær frá 1912 og hlöður, eru elst og í umsjá þjóðminjasafnsins og opið gestum. Byggingar Sels eru friðlýstar fornminjar sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveisla þeirra því í föstum skorðum. Þjóðminjasafnið hefur umsjón með Seli og hlöðunum, í samvinnu við Náttúruverndarstofnun. Þar hafa verið gerðar heilmiklar endurbætur síðustu ár og húsin því í góðu ástandi. Gestum býðst að skoða húsin og fræðast um þau.

Bölti

Bölti er bæjarhlað frá því um 1940 og ágætt dæmi um byggingarlag í sveitum á þeim tíma. Húsið var áður nýtt sem aðstaða fyrir sjálfboðaliða sem gistu í tjöldum fyrir utan. Húsið er illa farið og þarfnast mikilla viðgerða eða endurbyggingar.

Stefna um Bólta er að húsið verði gert upp að verulegu leyti í upprunalegri mynd að ytra byrði og þar verði íbúðir sem nýtist starfsfólki þjóðgarðsins.

Lóðir

Skilgreindar eru lóðir fyrir helstu byggingar. Innan allra lóðanna eru byggingarreitir en að auki eru byggingarreitir utan sérgreindra lóða sem teljast þá tilheyra Skaftafellsjörðinni og heyri þá undir hennar landnúmer.

Lóð 2 hefur þegar verið skilgreind við mótun deiliskipulagsins en aðrar lóðir eru nýjar.

Skilmálar

Almennir skilmálar

Skilgreindir eru byggingarreitir en gert ráð fyrir að víkja megi lítillega frá þeim ef þörf krefur.

Um byggingarreiti og önnur afmörkuð svæði gildir að mannvirkjagerð, hönnun og útfærsla skal vera í samræmi við stefnumörkun skipulagsins í kaflanum hér á undan eftir því sem við getur átt.

Um allt deiliskipulagssvæðið gildir að heimilt er að útbúa aðstöðu fyrir gesti, t.d. að leggja stíga, setja upp sorpgerði, minni háttar skýli, veitutengd mannvirki og þess háttar án sérstakrar afmörkunar eða skilgreiningar í skipulaginu.

Tilgreint er hámarksbyggingarmagn á byggingarreitum, þ.e. brúttóflatarmál sbr. ÍST 50, ásamt hámarkshæð húsa.

Gestastofa og starfsmannaaðstaða

Lóð L1

Stærð 3.282 m².

Innan lóðarinnar eru núverandi byggingar gestastofu, ásamt salernishúsi og starfsmannahúsi. Gert er ráð fyrir viðbyggingu við gestastofu og/eða aðrar núverandi byggingar ásamt annarri aðstöðu sem tilheyrir þjónustu við gesti.

Lóð L2

Stærð 861 m².

Á lóðinni er tækjahús.

Byggingarreitur B1

Byggingarreiturinn nær yfir lóðir L1 og L2 og þjónustuhlað, þ.m.t. allar byggingar gestastofu og tækjahús. Þjónustuhlaðið er aðgengilegt við austurgafl gestastofu. Tryggja skal góða ásýnd að þjónustuhlaðinu frá göngustígum með vönduðum frágangi og trjágróðri. Á byggingareitnum er töluvert að náttúrulegum gróðri sem ber að taka tillit til.

Flatarmál byggingarreits: 8.041 m².

Hámarks byggingarmagn: 2.500 m²

Hámarkshæð mannvirkja: 10 m

Aðstöðuhús við tjaldflatir

Lóð L3 og byggingarreitur B3

Lóð og byggingarreitur falla saman.

Þjónustuhús fyrir tjaldgesti með tilheyrandi aðstöðu, s.s. salerni, þvottaaðstöðu og sturtum.

Flatarmál byggingarreits og lóðar: 700 m²

Hámarks byggingarmagn: 300 m²

Hámarkshæð húss: 5 m.

Byggingarreitur B4

Framtíðarreitur fyrir móttökuhús þar sem tekið er móti gestum sem gista á tjaldflötum fyrir ferðavagna eða með bílastæði nálægt tjaldflöt.

Flatarmál byggingarreits: 300 m².

Hámarks byggingarmagn: 100 m².

Hámarkshæð húss: 5 m

Byggingarreitur B5

Núverandi móttökuhús þar sem tekið er móti gestum sem gista á tjaldflötum fyrir ferðavagna eða með bílastæði nálægt tjaldflöt.

Flatarmál byggingarreits: 144 m².

Hámarks byggingarmagn: 80 m².

Hámarkshæð húss: 5 m.

Byggingarreitur B6

Þjónustuhús fyrir tjaldgesti með tilheyrandi aðstöðu, s.s. salerni, þvottaaðstaða og sturtum. Áhersla á að hús séu sem nyrst á reitnum.

Flatarmál byggingarreits: 630 m².

Hámarks byggingarmagn: 300 m².

Hámarkshæð húss: 5 m.

Sandasel

Lóð L10

Stærð 3.286 m².

Lóðin er ætluð fyrir íbúðarhús, stakstæð eða raðhús, á einni hæð.

Fjöldi, stærð og fyrirkomulag íbúða ræðst á hönnunarstigi í samræmi við þarfir þjóðgarðsins.

Tryggja skal samræmi í yfirbragði húsa í Sandaseli þótt hús séu ólíkrar gerðar og byggð á ólíkum tímum.

Byggingarreitur B10

Flatarmál byggingarreits: 2.500 m².

Hámarks byggingarmagn: 1.200 m².

Hámarkshæð húsa: 5,5 m.

Lóð L11

Stærð 2.666 m².

Lóðin er ætluð fyrir íbúðarhús, stakstæð eða raðhús, á einni hæð.

Fjöldi, stærð og fyrirkomulag íbúða ræðst á hönnunarstigi í samræmi við þarfir þjóðgarðsins.

Tryggja skal samræmi í yfirbragði húsa í Sandaseli þótt hús séu ólíkrar gerðar og byggð á ólíkum tímum.

Byggingarreitur B11

Flatarmál byggingarreits: 2.000 m².

Hámarks byggingarmagn: 800 m².

Hámarkshæð húsa: 7 m.

íbúðarhúss.

Hæðir og Bölti

Lóð L12

Stærð 2.016 m².

Lóðin er ætluð fyrir núverandi íbúðarhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og áhaldahúsi í Hæðum. Gert er ráð fyrir hóflegum breytingum og viðbótum í samræmi við þarfir. Halda skal núverandi byggingarstíl og ásýnd í meginatriðum.

Byggingarreitur B12

Flatarmál byggingarreits: 1.500 m².

Hámarks byggingarmagn: 400 m².

Hámarkshæð breytinga eða viðbóta miðast við mæni núverandi íbúðarhúss.

Byggingarreitur B13

Núverandi íbúðarhús í Böltu á tveimur hæðum ásamt bílskúr og áhaldahúsi. Gert er ráð fyrir hóflegum breytingum og viðbótum í samræmi við þarfir. Halda skal núverandi byggingarstíl og ásýnd í meginatriðum.

Flatarmál byggingarreits: 880 m².

Hámarks byggingarmagn: 300 m².

Hámarkshæð breytinga eða viðbóta miðast við mæni núverandi

Umhverfismat

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er tilgreint að tilkynna skuli til Skipulagsstofnunar eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. viðauka laganna:

12.03 Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis.

12.05 Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru a.m.k. 10 ha og hjólhýsasvæði óháð stærð á verndarsvæðum.

Þar sem deiliskipulagið snýst að mestu um endurskoðað innbyrðis fyrirkomulag á þjónustusvæði sem er þegar fyrir hendi og ný mannvirki munu að litlu leyti ná til óraskaðs lands er litið svo á að tilkynningarskylda sé ekki fyrir hendi, sbr. tölulið 13.02 í viðaukanum.

Breytingar frá fyrri stefnumörkun

Deiliskipulag þetta tekur við af fyrra deiliskipulagi sem samþykkt var 2013 og breytt 2016 og 2021 en það fellur jafnframt úr gildi. Mörkum deiliskipulagsins hefur verið breytt, m.a. til samræmis við þjóðgarðsmörk og þau einfölduð.

Eftirfarandi breytingar eru helstar frá fyrra skipulagi (2013) með síðari breytingum:

- Skilgreindur er rúmur byggingarreitur B1 sem býður upp á mögulegar viðbætur við gestastofu og starfsmannahús. Byggingarreiturinn nær einnig yfir núverandi tækjahús og mögulega önnur smærri aðstöðuhús. Gert er ráð fyrir þjónustuhlaði norðan gestastofu.

- Skilgreindir eru tveir byggingarreitir fyrir íbúðarhús starfsfólks í Sandaseli í stað 6 minni reita fyrir stök hús. Hvor byggingarreitur er ætlaður fyrir fleiri en eitt hús en ekki tekin afstaða til húsagerðar, t.d. hvort um er að ræða frístandandi hús eða raðhús. Byggingarreitirnir eru gróflega á sama svæði, fyrir og eftir breytingu. Stefnt er að fleiri íbúðum en í gildandi skipulagi.
- Skilgreindir eru byggingarreitir fyrir stærri þjónustubyggingar og móttökuhús á tjaldsvæði á öðrum stöðum en áður.
- Meginás eftir sjónlínu að Lómagnúpi kallar á lítilsháttar tilfærslu núverandi götu um mitt tjaldsvæðið.

Sammerkt með þessum breytingum er að framkvæmdir skv. stefnu skipulagsins falla að langmestu leyti innan þegar raskaðra svæða.

Ekki verður séð að framangreindar breytingar hafi nein veruleg umhverfisáhrif.

Málsmeðferð

Ferli

Skipulagsgerðin á sér nokkurn aðdraganda, eins og nefnt var í inngangi og áform um hana eru því þegar nokkuð vel kynnt.

Í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hófst ferlið með kynningu lýsingar í nóvember 2021. Umsagnir og ábendingar sem bárust við lýsinguna voru hafðar til hliðsjónar við mótun tillögunnar.

Hér er lögð fram tillaga til kynningar sem drög og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar um það sem betur má fara. Ábendingar verða hafðar til hliðsjónar þegar tillagan er fullgerð og lögð fyrir til auglýsingar og samþykktar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Af hálfu þjóðgarðsins munu svæðisráð suðursvæðis og stjórn þjóðgarðsins fjalla um tillöguna og samþykkja fyrir sitt leyti en hún gengur síðan til skipulagsnefndar og bæjarstjórnar hjá Sveitarfélaginu Hornafirði. Þegar tillagan er auglýst verður gefinn 6 vikna frestur til að skila skriflegum athugasemdum.

Fjallað verður um athugasemdir sem berast og tillögunni breytt ef tilefni þykir til. Athugasemdum verður svarað.

Að lokum er tillagan send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Tillagan öðlast gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Umsagnaraðilar

Tillaga þessi er lögð fram í samstarfi Náttúruverndarstofnunar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar að undangenginni umfjöllun í

svæðisráði suðursvæðis, stjórn þjóðgarðsins, umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins og bæjarstjórn. Óskað verður eftir umsögnum eftirtalinna aðila:

- Skipulagsstofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun
- Ferðamálastofa
- Landeigendur í Skaftafelli 3 og 4 og í Freysnesi
- Náttúrustofa Suðausturlands

Ábendingar

Öllum er velkomið að senda inn ábendingar um efni tillögunnar.

Ábendingar sendist til:

Skipulagsfulltrúi
Bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Hafnarbraut 27, 780 Höfn

Eða í tölvupósti til skipulag@hornafjordur.is